

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Samningur um styrk

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, kt. 490911-1970, hér eftir nefndur styrkveitandi, og **Akraneskaupstaður, kt. 4101694449**, hér eftir nefndur styrkþegi, gera með sér eftirfarandi samning um styrkveitingu.

1. gr. Markmið

Styrkveitingu Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er ætlað að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða, tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins og fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði.

2. gr. Gildissvið

Um úthlutun styrksins gilda skilmálar samnings þessa sem styrkþegi hefur kynnt sér og skuldbindur sig til að hlíta. Umsókn styrkþega og fylgiskjöl teljast hluti af samkomulagi þessu.

Styrkþegi ábyrgist með undirritun sinni að öll lögbundin leyfi og samþykktir vegna framkvæmdarinnar liggi fyrir

Styrkurinn er veittur til verkefna á árinu 2017.

3. gr. Fjárhæð styrks

Styrkurinn er að fjárhæð kr. 30.000.000,- til verkefnis Guðlaug við Langasand.

Styrkfjárhæðin greiðist inn á reikning 0186-26-2828.

Mótframlag styrkþega er 20% og getur það verið í formi útgjalda eða vinnuframlags.

Reikningar skulu vera skýrt aðgreindir í bókhaldi frá annarri starfsemi.

4. gr. Framkvæmd verks

Styrkur er veittur til að byggja heita laug sem staðsett verður í grjótvörn við Langasand á Akranesi. Mannvirkið samanstendur af útsýnispalli, heitri laug og grynri laug sem nýtur vatna úr yfirfalli efri laugarinnar.

Allur frágangur við verkefnið verður að vera í samræmi við lög, reglugerðir og samþykkt viðmið.

Styrkþega ber skylda til að leita fyrirfram samþykkis styrkveitanda fyrir breytingum sem kunna að verða á verkefnum eða framkvæmd þeirra.

Styrkþega er óheimilt að framselja styrkinn eða ráðstafa honum til annarra aðila eða til annarra verkefna en samningur þessi hljóðar um.

Styrkþegi skal tilkynna Ferðamálastofu án tafar ef breytingar verða á högum hans sem geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins.

Ferðamálastofa áskilur sér rétt til skoðunar á framvindu verkefna.

5. gr.

Skil á framvindu- og lokaskýrslu

Styrkþega ber að skila inn framvinduskýrslu og lokaskýrslu þegar verkefni er lokið.

Skil á framvindu- og lokaskýrslu ásamt fylgigögnum, skulu vera sem hér segir:

Framvinduskýrsla 8. september 2017

Lokaskýrsla 8. desember 2017

Með framvindu- og lokaskýrslu skal skila eftirfarandi gögnum:

- Sundurliðaðar upplýsingar um eigið framlag, sem telst hluti af heildarkostnaði, s.s. fjölda vinnustunda, starfsheiti starfsmanns/-manna og reiknað einingarverð.
- Myndir, sem sýna allt svæðið sem framkvæmdin nær til. Myndir skulu sýna samanburð frá fyrri skilum svo hægt sé að bera saman og meta framvindu verkefnis.
- 80% af reikningum vegna hvers verkþáttar.
- Önnur gögn að mati Ferðamálastofu t.d. teikningar og skipulagsuppdrættir.

Hafi framvindu- eða lokaskýrslur ekki borist fyrir tilsettan tíma, er heimilt að fella styrkinn niður og er afturkræfur, hafi ekki komið fram sérstakar skýringar eða samið um annað.

6. gr.

Greiðsla styrks

Styrkur greiðist út til styrkþega í þrennu lagi sem hér segir:

30% - kr. 9.000.000,- eftir undirritun samnings,

30% - kr. 9.000.000,- eftir skil framvinduskýrslu

40% - kr. 12.000.000,- þegar lokaskýrslu hefur verið skilað og hún yfirfarin og samþykkt.

7. gr.

Ábyrgð styrkhafa

Styrkþegi er ábyrgur fyrir eðlilegu viðhaldi svæðis og mannvirkja er tengjast viðkomandi verkefni. Sjóðurinn tekur ekki á sig skuldbindingar við uppfærslu, viðhald eða viðgerðir á mannvirkjum sem tengjast styrkveitingu.

8. gr.

Vanefndir

Brot styrkþega á gerðum samningum eða öðrum skilmálum um úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, veitir sjóðnum heimild til að stöðva greiðslur til styrkþega, fella niður styrk og/eða krefjast fullrar endurgreiðslu þegar styrkþegi hefur fengið hluta styrksins greiddan fyrirfram.

Brot á samningi getur einnig haft áhrif á möguleika styrkhafa til frekari styrkveitinga.

9. gr.


Ýmis ákvæði

Undirritaður samningur skal hafa borist Ferðamálastofu innan þriggja vikna frá því að samningurinn barst styrkþega eða fyrir 26. apríl 2017. Berist samningur ekki innan tilskilins frest fellur styrkurinn niður.

Mál sem kunna að rísa af ágreiningi í samningnum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 5. apríl 2017

F.h. Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða


Sólrun Anna Jónsdóttir, rekstrarstjóri Ferðamálastofu

F.h. Styrkþega


Sveinbjörg Þórisdóttir

Fylgiskjal I

Viðbótarupplýsingar með samningi við Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða.

Samkvæmt kröfu Fjársýslu ríkisins er ekki hægt að bóka samninga eða ganga frá greiðslum nema viðbótarupplýsingar fylgi með samningi. Þessar upplýsingar eru til að greina betur m.a. hvert opinbert fjármagn rennur, í hvers konar verkefni og stuðningur við kynjaða fjárhagsgerð ríkisins.


Vinsamlegast fyllið meðfylgjandi form út og sendið til baka með undirrituðum samningi við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Taflan hér fyrir neðan er með fimm flokkum og þarf að setja X í þá reiti sem styrkurinn fellur undir, fylla þarf út fyrir hvern flokk fyrir sig og haka með X, en eingöngu eitt X í hverjum flokki.

Atvinnuvegaflokkun		Undirtegund styrks		Landfræðileg flokkun		Tegund umsækjanda		Kynjahlutföll starfa sem skapast	
Bygginga- og mannvirkjagerð		Markaðssetning og kynningarmál		Höfuðborgarsvæði		Karl		Nær eingöngu KK störf	
Ferðaþjónusta	X	Nýsköpun og atvinnuþróun		Suðurnes		Kona		Fleiri KK en KVK störf	
Landbúnaður		Ráðgjöf og fræðsla		Vesturland	X	Fyrirtæki		Bæði kynin jafnt	X
Matvælaíðnaður		Rannsóknir og þróun		Vestfirðir		Ríkisstofnun		Fleiri KVK en KK störf	
Málm- og efnaframleiðsla		Frumherjastyrkir		Norðurland Vestra		Sveitarfélag	X	Nær eingöngu KVK störf	
Orka og tengd mál		Einkaleyfastyrkir		Norðurland Eystra		Erlendur aðili			
Sjávarútvegur og fiskeldi		Verkefnastyrkir		Austurland					
Skapandi greinar		Ferðastyrkir		Suðurland					
Upplýsingatækni og rafiðnaður		Skipulag og hönnun		Erlendis					
		Náttúruvernd							
		Framkvæmdir	X						
		Átaksverkefni							
		Jarðhitaleit							
		Hagkvæm orkunotkun							

Reykjavík 23. mars 2016

f.h. Ferðamálastofu


Sólrún Anna Jónsdóttir, rekstrarstjóri